

14

15

Ársskýrsla VR 2014 – 2015

Virðing  
Réttlæti

VR



<b>Félagið í hnotskurn</b>	<b>4</b>
<b>Ávarp formanns</b>	<b>6</b>
Stjórn VR starfsárið 2014 - 2015	6
<b>Kjarasamningar</b>	<b>7</b>
Undirbúningur kjarasamninga	7
Kröfugerð VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna 2015	7
Aðrir kjarasamningar	9
<b>Kjaramál</b>	<b>10</b>
Jafnaðarkaup	10
Dómsmál	10
<b>Ráðgjöf</b>	<b>11</b>
STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf	11
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	11
<b>Sjúkrasjóður</b>	<b>12</b>
Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR	12
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR	12
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2014 – 2015	12
<b>Orlofsmál</b>	<b>13</b>
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2013 - 2014	13
Afsláttarmiðar og kort	13
Miðhúsaskógur	13
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2014 – 2015	13
<b>Fræðslumál</b>	<b>14</b>
Starfsmenntamál	14
VR-Skóli lífsins	14
Fyrirlestrar og námskeið	14
<b>Jafnréttismál</b>	<b>15</b>
Jafnlaunavottun VR	15
Kynjabókhald VR	15
<b>Lagabreytingar</b>	<b>16</b>
<b>Ályktanir, fundir og samskipti</b>	<b>18</b>
Ályktun stjórnar VR vegna fjárlagagrumvarps ríkisstjórnarinnar	18
Fundir starfsárið 2014 – 2015	18
Nefndir og stjórnir	18
Erlend samskipti	18
<b>Önnur starfsemi</b>	<b>19</b>
VR varasjóður	19
Starfsemi þjónustudeildar	19
Rannsóknir og kannanir	19
Útgáfu- og kynningarmál	19
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	20
VR stefnir ríkinu vegna breytinga á atvinnuleysisbótum	20
Breyttar reglur um val á fulltrúum VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	20
Félagsgjald	20
Laun stjórnarmanna	20
Félagsmál	21
Samþykktar stefnur stjórnar	21
Félagatal	21
Skipulag skrifstofu	22
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2015	22
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2014	23
Trúnaðarráð	23
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	23
<b>Ársreikningur 2014</b>	<b>24</b>
Skýrsla stjórnar	24
Áritanir	25
Rekstrarreikningur 2014	26
Efnahagsreikningur 31. desember 2014	27
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014	28
Rekstrarreikningur ársins 2014	29
Efnahagsreikningur 31. desember 2014	30
Skýringar	31

# Félagið í hnotskurn


## Almenn starfsemi og þjónusta 2013 - 2014

	2014	2013
Fjöldi félagsmanna	30.373	29.781
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.512	1.417
Starfsmennta- og tólmundastyrkir, fjöldi félagsm.	6.033	4.907
Styrkir úr VR varasjóði, fjöldi félagsmanna	14.330	13.753
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	993	1.118
Fjöldi atvinnuleitenda sem nýtti úrræði STARFs	1.002	745
Fjöldi nýskráðra í þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR	300	244
Nýting orlofshúsa, fjöldi útleiga	3.534	3.553


## Lykiltölur VR 2014

	2014
Félagsgjöld	906.844.552
Sjúkrasjóðsiðgjöld	1.281.545.541
Orlofssjóðsiðgjöld	311.956.069
Leiga orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta	150.063.753
Aðrar tekjur	170.014.684
<b>Samtals tekjur</b>	<b>2.820.424.599</b>
Bætur og styrkir	839.509.352
Greiðsla úr varasjóði	487.422.772
Rekstrargjöld	1.171.677.696
<b>Samtals gjöld, bætur og styrkir</b>	<b>2.498.609.820</b>
Fjármagnsliðir	346.184.274
<b>Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar</b>	<b>667.999.053</b>


## Styrkir úr VR varasjóði 2014




## Þróun Kaupmáttarvísitalu VR



## Heildarfjöldi kjaramála á ári 2000 - 2014




## Atvinnuleysi félagsmanna í nóvember 2010 - 2014




# Félagið í hnotskurn


## Þróun launavísitölu VR




## Fjöldi félagsmanna




## Komur á skrifstofu VR í Reykjavík




## Heimsóknir á heimasíðu VR



## Kynjabókhald VR 2014



## Fjöldi VR félaga í þjónustu hjá VIRK



# Ávarp formanns

Á nýliðnu starfsári stjórnar VR bar kjaramálin hæst en kjarasamningar félagsins eru lausir og nýir ekki í sjónmáli, því miður. Síðustu kjarasamningar VR og atvinnurekenda, sem undirritaðir voru í lok árs 2013, voru aðfarasamningar til skamms tíma og vonir okkar stóðu til þess að þeir myndu leiða okkur inn í langtímasamning. Þær vonir rættust ekki, í dag bendir allt til þess að samið verði öðru sinni til skamms tíma.

Í síðustu samningum voru sett metnaðarfull markmið hvað verðlagsþróun varðar. Þau gengu eftir og gefa okkur góðan grunn að byggja á. En krafa okkar snýst fyrst og síðast um leiðréttingu á launum félagsmanna í ljósi þeirra hækkana sem samið var um við aðra hópa í þjóðfélaginu. Það verður að ríkja þjóðarsátt um að launafólk geti framfleytt sér af dagvinnulaunum sínum en þurfi ekki að leggja nótt við dag til að hafa í sig og á. Um það snúast næstu kjarasamningar.

Samskipti VR og félagsmanna eru mikil og hafa aukist, eins og sjá má í skýrslunni. Kjaramálasvið félagsins fékk til meðferðar fimmtán hundruð mál á síðasta ári sem er aukning frá fyrra ári. Á skrifstofu félagsins komu 25 þúsund félagsmenn og símtölin voru hátt í 70 þúsund talsins. Ég heimsótti á þriðja þúsund félagsmenn á vinnustaði þeirra og enn fleiri tóku þátt í ýmsum uppákomum á vegum félagsins, eins og 1. maí, kynningu á Fyrirtæki ársins og kaffi eldri borgara á uppstigningardegi.

Félagsmenn leita til okkar þegar á bjátar, þegar þeir vilja fagna með okkur og ekki síst til að sækja til okkar ýmsa þjónustu og styrki. Í því samhengi vil ég sérstaklega minnst á starfsmenntamálin en á þau leggjum við áherslu í kjarasamningum. Mikil aukning var á starfsmenntastyrkjum milli 2013 og 2014 sem fyrst og fremst má rekja til breytinga á reglum. Það er ánægjulegt að sjá að þessar breytingar eru að skila þeim ávinningi sem að var stefnt. Ég vil einnig nefna VR-Skóla lífsins sem er nýtt verkefni á sviði starfsmenntamála fyrir ungt fólk en honum var hleypt var af stokkunum haustið 2014. Þetta verkefni hefur vakið verðskuldaða athygli.

Jafnréttismálin voru eitt af helstu baráttumálum félagsins á liðnu starfsári, eins og undanfarin ár. Jafnlaunavottun VR er öflugt stjórnæki fyrir atvinnurekendum til að meta eigin stöðu og er framlag okkar til þeirrar samvinnu atvinnurekenda og launafólks sem nauðsynleg er í jafnréttisbaráttunni. Árið 2015 er merkilegt ár í jafnréttisbaráttunni en á þessu ári fögnum við m.a. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Vonandi verður þetta ár til þess að vekja fleiri til vitundar um það mannréttindabrot sem launamunur kynjanna sannarlega er.

VR hefur lagt sitt af mörkum í þeirri þjóðfélagsumræðu sem átt hefur sér stað síðustu misseri. Félagið birti Kaupmáttarvísitölu VR í fyrsta sinn síðastliðið haust og fylgdist náið með þróun helstu lykiltalna á vinnumarkaði og í efnahagslífinu. Það er brynt að rödd félagsins heyrir og að hagsmunum félagsmanna verði haldið á lofti. Það er okkar verkefni og hlutverk og við munum hvergi gefa eftir á þeirri vegferð.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

## Stjórn VR starfsárið 2014 - 2015

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður

Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður

Sigurður Sigfússon ritari

Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Páll Örn Lindal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

**Varamenn:** Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Gísli Kristján Gunnsteinsson.



Efri röð frá vinstri: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Páll Örn Lindal, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir og Dóra Magnúsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Rannveig Sigurðardóttir, Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður, Ólafía B. Rafnsdóttir formaður, Sigurður Sigfússon ritari og Ásta Rut Jónasdóttir. Á myndina vantar Ragnar Þór Ingólfsson.

Kjarasamningar VR og atvinnurekenda runnu út í lok febrúar 2015. Þeir samningar voru undirritaðir í lok árs 2013 og voru aðfarasamningar til skamms tíma þar sem samið var um launabreytingar og viðræðuáætlun vegna næstu kjarasamninga. Árið 2014 helgaðist því að stórum hluta að undirbúningi næstu samningalotu.

## Undirbúningur kjarasamninga 2015

Kröfugerð VR í viðræðum vegna kjarasamninga 2015 skiptist annars vegar í sérkröfur og hins vegar í launalið. Sérkröfurnar byggja á þeirri kröfugerð sem lögð var fram við kjarasamninga 2013, enda voru þeir samningar stuttir og snerust nær eingöngu um launaliðinn.

Kjaranefnd VR, stjórn og trúnaðarráð komu að mótun kröfugerðar félagsins og hófst sú vinna strax í kjölfar undirritunar samningsins í lok desember árið 2013. Kjaranefnd fundaði fjórum sinnum um kröfurnar og trúnaðarráð fjallaði um kröfugerðina á þremur fundum. Þá gerði VR tvær kannanir meðal félagsmanna í aðdraganda kjarasamningaviðræðna, rýnikönnun haustið 2014 og úrtakskönnun um miðjan janúar 2015. Niðurstöður beggja kannanna sýna að félagsmenn VR vilja í auknum mæli sjá áherslu á beinar launahækkunir og aukinn kaupmátt í kjarasamningum. Á fundi trúnaðarráðs VR um miðjan febrúar 2015 var kröfugerðin samþykkt með miklum meirihluta fundarmanna og formanni veitt umboð til að leggja hana fyrir viðsejendur félagsins. Kröfugerðin var svo kynnt atvinnurekendum á fundum um miðjan og síðari hluta febrúar 2015.

Í aðdraganda kjarasamningaviðræðna tók VR virkan þátt í umræðunni í samfélaginu. Félagið birti í fyrsta skipti Kaupmáttarvísitölu VR í september 2014 en hún sýnir þróun kaupmáttar útborgaðra launa félagsmanna. Til samanburðar má nefna að Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands sýnir kaupmátt tímakaups fyrir skatt. Þróun beggja vísitalna síðustu ár má sjá á bls. 4 og á heimasíðu VR, vr.is.

Formaður VR og hagfræðingur félagsins fjölluðu um þróun efnahags- og atvinnumála í fjölda greina og viðtala í aðdraganda kjarasamningaviðræðna, bæði á vef félagsins og í almennum fjölmiðlum. Umfjallanir voru m.a. um aukinn vaxtamun bankanna, verðlagsþróun, áhrif launa á verðlag, áhrif hækkunar lágmarkslauna á atvinnustig og almennt um stöðuna í íslensku efnahagslífi svo fátt eitt sé nefnt. Þá ályktaði stjórn félagsins gegn áherslum í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015, sjá nánar á bls. 18.

VR lagði fram kröfugerð sína gagnvart Samtökum atvinnulífsins þann 13. febrúar 2015 og gagnvart Félagi atvinnurekenda þann 20. sama mánaðar. Hér að neðan er kröfugerð VR gagnvart SA birt í heild sinni, en kröfur félagsins gagnvart FA eru nánast samhljóma.

## Kröfugerð VR og Landssambands ísl. verzlunarmanna 2015

Markmiðið með gerð kjarasamninga er að auka ráðstöfunartekjur launafólks. Félagsmenn VR og LÍV, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, gera þá réttmætu kröfu að laun þeirra verði leiðrétt í ljósi kauphækkana annarra hópa á vinnumarkaði síðustu misseri og að sanngirni verði höfð að leiðarljósi í kjarasamningagerðinni. VR/LÍV leggja einnig áherslu á mikilvægi starfsmenntunar í kjaraviðræðunum og að menntun sem í boði er sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og verði metin til launa.

### Forsendur kjarasamninga

VR/LÍV telja skynsamlegt að gera kjarasamning til skemmri tíma. Staðan á vinnumarkaði og í efnahagslífinu bindur hendur okkar og litlar forsendur eru fyrir langtímasamningi. Stöðugleiki í íslensku efnahagslífi stendur ótryggjum fótum þar sem óvissa ríkir um afnám gjaldeyrishaftanna á þessu ári.

Ljóst er að árangur náðist með síðustu kjarasamningum hvað varðar verðbólguþátt þeirra. En aðrir hópar en félagsmenn VR/LÍV fengu umtalsvert meiri launahækkunir á tímabilinu. Á árinu 2014 lítur út fyrir að afkoma fyrirtækja verði góð og að flest fyrirtæki á markaði muni skila umtalsverðum hagnaði. Auk þess lítur út fyrir að árið 2015 verði hagfellt fyrir atvinnulífið en Seðlabanki Íslands reiknar með 4,2% hagvexti á árinu og hækkun á helstu útflutningsafurðum.

Markmið kjarasamninga er að auka kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna. Milli árána 2012 og 2013 dróst kaupmáttur saman um 0,7% eftir litla hækkun, eða 0,3%, milli árána 2011 og 2012. Árið 2013 var kaupmáttur ráðstöfunartekna svipaður og hann var árið 2003. Kaupmáttarvísitala VR hækkaði um 3,6% milli árána 2013 og 2014. Ef kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hækkar svipað á árinu 2014 má búast við að hann verði nálægt því sem hann var um áramót 2003 / 2004.

### Launaþróunartrygging

Að mati VR/LÍV er launaþróunartrygging, eða svokallaður baksýnispegill, best til þess fallin að tryggja sanngirni við þær leiðréttingar sem félagsmenn gera réttmæta kröfu til. VR/LÍV leggja til viðmiðunar hækkunir í kjarasamningum opinberra starfsmanna og gera kröfu um krónutöluhækkun fyrir tímabilið 31. desember 2013 til og með 28. febrúar 2015.

# Kjarasamningar

Grunnhækkun launa við gildistöku samningsins er kr. 50 þúsund fyrir þá starfsmenn sem voru í starfi hjá sama launagreiðanda þann 31. desember 2013. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið frá 1. janúar 2014 til og með 28. febrúar 2015. Miða skal við heildarlaun, þ.e. föst og reglubundin viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast. Frádráttur getur aldrei numið meiru en grunnhækkun.

## Dæmi um launapróunartryggingu (miðað er við laun fyrir fullt starf):

Lágmarkslaun sem voru kr. 204.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 214.000 skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 40.000 og yrðu kr. 254.000.

Mánaðarlaun sem voru kr. 350.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 359.800, skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 40.200 og yrðu kr. 400.000.

Mánaðarlaun sem voru kr. 700.000 í desember 2013 og eru í dag kr. 719.600, skv. síðustu kjarasamningum, myndu hækka um kr. 30.400 og yrðu kr. 750.000.

Grunnhækkun starfsmanna sem hófu störf á tímabilinu 2. janúar 2014 til 31. desember 2014 er kr. 30 þúsund. Frá grunnhækkun dregst önnur sú launahækkun sem starfsmaður hefur fengið frá 2. janúar 2014 til og með 28. febrúar 2015. Miða skal við heildarlaun, þ.e. föst og reglubundin viku- eða mánaðarlaun að viðbættum föstum álags- eða aukagreiðslum hverju nafni sem þær nefnast. Frádráttur getur aldrei numið meiru en grunnhækkun.

## Starfsmenntamál

Aukin menntun og fræðsla eru grunnurinn að styrkari stöðu verslunar- og þjónustufólks. Mikilvægt er að fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld í landinu, ljúki við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa. Í boði verði samfelld nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.

Þá telja VR og LÍV brýnt að tryggja að starfsmenn með stutta formlega menntun fái tækifæri til að fá reynslu sína metna í raunfærnimati sem skili þeim áleiðis að formlegri starfsmenntun.

VR og LÍV telja mikilvægt að fulltrúar vinnumarkaðarins sammælist um bókun um starfsmenntamál í þessum kjarasamningi.

## Aðrar kröfur

VR/LÍV lögðu fram kröfugerð í tengslum við gerð kjarasamningar árið 2013. Þá var skrifað undir eins árs aðfarasamning þar sem áhersla var lögð á launaliðinn og undirbúning nýs samnings. Kröfugerð frá 2013 hvað varðar aðra þætti en laun er því enn til umræðu á vettvangi VR/LÍV og atvinnurekenda. Kröfur hvað varðar aðra þætti en launaliðinn eru birtar hér að neðan.

## Laun og orlofsréttindi

- Orlofsréttindi verði aukin, m.a. með það að markmiði að tryggja áunninn orlofsrétt enn frekar. Þá þarf að leysa ágreining sem verið hefur uppi varðandi ávinnslu orlofs eftir 5 ára starf hjá fyrirtæki.
- Launagreiðslur í kjölfar vinnuslysa verði þær sömu og vegna veikinda þannig að föst og reglubundin laun verði greidd, eins og gert er í almennum veikindarétti.
- Launagreiðslur á rauðum dögum verði settar inn í kjarasamning aðila með skýrari hætti en áður.
- Hækkun desember- og orlofsuppbóta skv. almennum hækkunum.
- Farið verði sérstaklega yfir launabátt starfsmanna sem starfa í gestamóttökum hótela, apótekum og þeirra sem starfa í ferðaþjónustu.
- Launagreiðendum verði gert skylt að boða starfsmenn til árlegs viðtals um starf og launakjör með sannanlegum hætti.

## Vinnutími

- Ferðatími vegna ferðalaga á vegum vinnuveitanda teljist til vinnutíma og greiðist samkvæmt því.

## Atvinnuöryggi

- Nefnd hefur verið starfandi varðandi öryggi og aðbúnað verslunarfólks. Vinna nefndarinnar er langt komin og hefur gengið vel. Lagt er til að niðurstöður hennar verði lagðar til grundvallar bókonar í kjarasamningi aðila með það að markmiði að bæta stöðu verslunarfólks.
- Mikilvægt er að ræða sveigjanleg starfslok starfsmanna vegna aldurs með það að markmiði að tryggja góða framkvæmd í þessum málaflokki.



## Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.

- Launamenn séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu vinnuveitanda, sbr. bókun frá árinu 2011.
- Allur kostnaður vegna læknisvottorða og komugjalda verði greiddur af launagreiðanda, ef vinnuveitandi óskar eftir læknisvottorði vegna veikinda.
- Veikindaréttur vegna barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og foreldra.
- Unnin verði frekari endurskoðun á ákvæðum um tryggingar launþega.

## Jafnréttismál

- VR og LÍV krefjast þess að baráttan gegn kynbundnum launamun á vinnumarkaði verði hert en þar hefur VR verið í forystu á undanförunum árum. Jafnlaunavottun er stjórnæki sem VR hefur sett fram í því sambandi og hvetur atvinnurekendur til aukins samstarfs til að tryggja öllum á vinnumarkaði sömu laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu.

## Annað

- „Pakkalaun“ verði nánar skilgreind og hvað í þeim felst, s.s. hvert er verðgildi dagvinnu, eftirvinnu og yfirvinnu hjá hverjum launþega. Auk þess þarf að tryggja að réttindi launþega skv. kjarasamningi geti ekki fallið undir pakkalaun nema með sérstöku samkomulagi milli VR/LÍV annarsvegar og SA hinsvegar.
- Farið verði yfir réttarstöðu fólks sem er í hlutastörfum og/eða íhlaupastörfum.
- Farið verði sérstaklega yfir réttarstöðu fólks sem vinnur á bakvöktum, bæði hvað varðar greiðslur og útköll.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna aðildarféлага ASÍ.

## Aðrir kjarasamningar

Nýr kjarasamningur Elkem og Samtaka atvinnulífsins var undirritaður 21. mars 2014. Hann var samþykktur í atkvæðagreiðslu með 70% greiddra atkvæða. Á kjörskrá voru 134. Kjörsókn var 82,8%, alls greiddu 111 manns atkvæði. Já sögðu 77, eða 70%, nei sögðu 33 eða 29%. Einn seðill var auður.


## Myndir frá VR deginum í september 2014



# Kjaramál

Mál sem komu til vinnslu hjá kjaramálaráðgjöfum VR á árinu 2014 voru 1.512 samanborið við 1.417 mál árið 2013. Fjölgun á milli ára er tæplega 7%. Málafjöldi á árunum 2011 – 2013 var mjög svipaður en árið 2014 og þróunin á fyrstu mánuðum ársins 2015 gefa til kynna að málum sé að fjölga á nýjan leik. Tölur síðustu ára benda til þess að fylgni sé milli málafjölda á kjaramálasviði VR og hreyfanleika á vinnumarkaði, að hrunárunum 2008 – 2009 undanskyldum en þá var málafjöldi í sögulegu hámarki eins og sjá má á grafinu hér að neðan. Aukning á fjölda mála á kjaramálasviði VR kann þannig að vera til marks um aukinn hreyfanleika á vinnumarkaði sem er kærkomin breyting frá þeirri stöðnun sem einkennt hefur markaðinn frá hruni.

## Fjöldi mála á kjaramálasviði VR 2008 - 2014



Um áramótin 2014 – 2015 var félagið með 112 mál í vinnslu, þar af 43 sem voru komin til meðhöndlunar hjá lögmanni félagsins. Af þessum 112 málum má rekja 103 til árána 2013 og 2014 en níu eru eldri.

Árið 2014 var að mörgu leyti nokkuð hefðbundið, flest málanna sem komu til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs sneru að uppsögnum starfsmanna og ágreiningi í tengslum við það, en auk þess valda orlofsgreiðslur við starfslok oft deilum sem leita þarf aðstoðar sérfræðinga félagsins til að leysa. Þá eru samskipti á vinnustöðum málaflokkur sem hefur aukist að umfangi síðustu ár og bárust kjaramálasviði nokkur slík mál til úrlausnar á árinu 2014.

## Jafnaðarkaup

Á undanförunum mánuðum hefur verið mikil umræða um jafnaðarkaup, lögmæti þess og útreikninga. Fjallað hefur verið um málið í fréttum og gaf félagið út upplýsingabækling þar sem ítarlega var fjallað um jafnaðarkaup auk almennra réttinda. Starfsmenn kjaramálasviðs dreifðu þessum upplýsingum til félagsmanna í verslunum og var sérstök áhersla lögð á að ná til þeirra sem vinna utan hefðbundins dagvinnutíma, t.d. á kvöldin og um helgar.

## Dómsmál

Á hverju ári fara nokkur mál sem varða hagsmuni félagsmanna fyrir dómstóla. Meðal þeirra réttinda sem reyndi á fyrir dómstólum á nýliðnu starfsári stjórnar voru veikindaréttur, áunnin réttindi og orlofsréttur og er hér að neðan stiklað á stóru í þremur málum.

Í einu málanna var deilt um rétt félagsmanns til orlofstöku á háannatíma í rekstri fyrirtækisins þar sem hann starfaði. Félagismaðurinn taldi sig hafa heimild til að taka orlof á ákveðnum árstíma en þegar hann kom til baka úr fríi var honum vikið fyrirvaralaust frá störfum og bar vinnuveitandinn því við hann hafi ekki veitt heimild til orlofs. Dómarinn dæmdi félagsmanninum hins vegar í hag og benti á að orlof skuli ákveðið í samráði við launþega sem ekki hafi verið gert í þessi dæmi. Ekkert réttlætti því fyrirvaralaus uppsögn félagsmannsins.

Í öðru máli kom upp ágreiningur um áunninn veikindarétt. Félagismaðurinn vann hjá fyrirtækinu í ágúst til desember 2012 og aftur frá mars til júní 2013 þegar hann veikist. Hann var frá vegna veikinda í tæpa tvo mánuði en þegar hann kom aftur til vinnu var frekara vinnuframlagi hans hafnað. Vinnuveitandinn hélt því fram að starfismaðurinn hafi lokið veikindarétti sínum, ætti ekki veikindarétt frá fyrra starfstímabili sínu hjá fyrirtækinu og að ráðning hans hafi verið tímabundin. Dómurinn féllst hins vegar á kröfu félagsmannsins um greiðslu allan veikindatímamann og viðurkenndi þannig áunninn rétt hans.

Í þriðju máli kom upp dæmi Héraðsdómur Reykjavíkur félagsmanni VR í hag í máli sem varðaði rétt til launa. Félagismaðurinn var ráðinn til starfs hjá fyrirtæki í gegnum átaksverkefni á vegum Vinnuálagstofnunar sem greiddi hluta launa hans. Félagismaðurinn fékk hins vegar ekki launin greidd fyrir allan starfstíma sinn og leitaði hann til VR. Vinnuveitandi hélt því fram að félagismaðurinn hafi ekki sinnt vinnu sinni og þannig ekki staðið við starfssamning sinn. Launaseðlar voru hins vegar gefnir út og taldi dómurinn ljóst að félagismaðurinn ætti kröfu á hendur fyrirtækinu. Fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta eftir árangurslaust fjárnám.

## STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf


Atvinnuleitendum í VR stendur til boða persónuleg og einstaklingsmiðuð þjónusta og fjölbreytt náms- og starfstengd úrræði sem nýtast þeim markvisst í atvinnuleit. Árið 2014 komu 1.002 atvinnuleitendur í hvers kyns markmiða- og greiningarviðtöl til atvinnuráðgjafa.

Á árinu voru haldnir 26 kynningarfundir, 1.479 voru boðaðir en 1.141 mætti. Einnig voru haldnir 20 starfsleitarfundir, 1.135 voru boðaðir og mættu 992 á fundina. Alls luku 424 námskeiðinu Starfsleitarstofa. Námskeiðið er skipulagt og hannað af VR í samstarfi við Mími símenntun og er atvinnuleitendum skylt að mæta.

Alls voru 1.629 einstaklingar skráðir á önnur námskeið, m.a. sérstök námskeið til að mæta þörfum þeirra sem að hafa verið lengi án atvinnu, t.d. bókhalds- og tölvunámskeið, námskeið menntastoða Mímis og íslenskunámskeið. Þá var á árinu gerður 301 námssamningur við atvinnuleitendur en námssamningar gera þeim kleift að stunda nám á framhalds- eða háskólastigi samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta og auðvelda þeim aðgengi að Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þá fengu 194 atvinnuleitendur samþykka námsstyrki.

21 einstaklingur lauk samningi um atvinnutengda endurhæfingu í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð. Jafnframt luku 12 einstaklingar þátttöku í úrræðinu Eigið frumkvöðlastarf í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá voru 134 ráðnir í vinnumarkaðsúrræði.

## Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR 2014




## VIRK starfsendurhæfingarsjóður

VIRK starfsendurhæfingarsjóður byggir á samkomulagi í kjarasamningum frá árinu 2008 um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar. Um VIRK gilda lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012. Í dag starfa 9 ráðgjafar á vegum VIRK hjá VR og annast þjónustu við félagsmenn sem veikjast eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skammtímafjarvistir vegna heilsubreysts af andlegum eða líkamlegum toga. Markmiðið er að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Ráðgjafar VIRK styðja og hvetja einstaklinga til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði í samráði við teymi sérfræðinga og bjóða fjölda úrræða á borð við starfsendurhæfingarstöðvar, sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið og heilsurækt með faglegum stuðningi. Þeir starfa í samstarfi við lækna, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum.

Á árinu 2014 voru 300 einstaklingar nýskráðir hjá ráðgjöfum VIRK hjá VR og 191 einstaklingur útskrifaðist. Frá árinu 2009 til loka árs 2014 sóttu 1.113 einstaklingar til ráðgjafa VIRK hjá VR og nær sex hundruð hafa útskrifast. Á grafinu má sjá að um sex af hverjum tíu hafa öðlast starfsgetu og eru færir um að snúa aftur á vinnumarkað eftir að hafa sótt aðstoð og þjónustu VIRK hjá VR.

## Framfærslustaða einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK



# Sjúkrasjóður


## Styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR

Varðandi tekjur árið 2014 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

	2014		2013	
	Fjöldi	Upphæð kr.	Fjöldi	Upphæð kr.
Sjúkra- og dagpeningar .....	813	765.747.737	829	718.310.680
Dánarbætur .....	83	38.326.167	78	26.713.266
Örorkubætur .....	23	21.230.683	14	18.434.633
Aðrir styrkir til sjóðfélaga (þ.m.t. sértækir styrkir til tekjulægrri félagsmanna) .....	91	13.800.765	237	22.087.828
<b>Bætur og styrkir til félagsmanna 2014 samtals*</b>	<b>993</b>	<b>839.105.352</b>	<b>1.118</b>	<b>785.546.407</b>
Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka, fræðslu- og fagfélaga 2014 .....		8.873.986		14.433.083

\* Fjöldi einstaklinga, ekki samtala bótaflokka.

## Skipting sjúkradagpeninga VR 2013 - 2014



## Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs VR

Á aðalfundi VR 26. mars 2014 voru samþykktar breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR sem miða að því að samræma hana við viðmið-unarreglur Alþýðusambands Íslands um sjúkrasjóði aðildarfélaganna.

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2014 – 2015

Rannveig Sigurðardóttir formaður, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir og Páll Örn Líndal

**Varamenn:** Dóra Magnúsdóttir og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir



Efri röð frá vinstri: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Páll Örn Líndal og Dóra Magnúsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Rannveig Sigurðardóttir og Benóný Valur Jakobsson.

Á árinu 2014 voru 45 orlofshús og íbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 21 orlofshús og 1 hótélherbergi. Útleigur ársins 2014 voru 3.534 samanborið við 3.553 árið 2013.

## Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2013 - 2014

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað. Auk húsa í eigu félagsins tók VR á leigu fleiri orlofshús sumarið 2014 og endurleigði til félagsmanna.

	Fjöldi gistinátta		Nýting – sumar		Nýting – vetur*	
	2014	2013	2014	2013	2014	2013
Akureyri (7) .....	1.963	1.815	96%	91%	67%	65%
Einarsstaðir (8)** .....	767	678	88%	81%	28%	-
Flúðir (3) .....	699	680	93%	89%	55%	45%
Húsafell (3) .....	653	664	94%	92%	49%	50%
Miðhúsaskógur (20) .....	3.546	3.729	88%	88%	40%	39%
Miðhúsaskógur - smáhýsi (5) .....	516	-	90%	-	37%	-
Sóltún Reykjavík (2) .....	626	468	92%	79%	84%	60%
Vestmannaeyjar .....	204	187	96%	88%	43%	39%
Ölfusborgir ** .....	185	447	100%	90%	34%	-
Önnur hús .....	1.628	2.037	-	-	-	-
<b>Samtals gistinætur .....</b>	<b>10.787</b>	<b>10.705</b>				

\* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR 100% um helgar en minni virka daga.

\*\* Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum voru leigð út á vegum rekstrarfélaganna fram á vor, eftir það voru þau bókuð beint hjá VR.

## Aflsláttarmiðar og kort

VR bauð félagsmönnum aflslátt í flug með Icelandair og WOW air í formi aflsláttarmiða. Alls voru seldir um 3.700 aflsláttarmiðar á árinu 2014. Tæplega 1.300 félagsmenn keyptu veiði- og útleigukort árið 2014 á niðurgreiddu verði.

## Miðhúsaskógur

Fimm ný smáhýsi voru tekin í notkun í Miðhúsaskógi í lok júní 2014.

Húsin eru ætluð fyrir tvo og eru minni en önnur orlofshús VR á svæðinu, eða 37m<sup>2</sup>.

Gistinætur á tjaldsvæðinu í Miðhúsaskógi sumarið 2014 voru um 1.200. Á tjaldsvæðinu er aðstaða fyrir allt að 50 vagna og tjöld, þjónustuhús með grillaðstöðu, salerni, sturtum og þvottavél til afnota fyrir gesti.



## Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2014 – 2015

Sigurður Sigfússon formaður, Bjarni Þór Sigurðsson, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson

**Varamenn:** Benedikt Vilhjálmsson og Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir



Efri röð til vinstri: Bjarni Þór Sigurðsson og Harpa Sævarsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Sigurður Sigfússon og Helga Ingólfssdóttir. Á myndina vantar Ragnar Þór Ingólfsson og Benedikt Vilhjálmsson.

# Fræðslumál

## Starfsmenntamál

Á árinu 2014 voru greiddar tæplega 317 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við tæplega 184 milljónir króna árið 2013 og er það 73% aukning á milli ára. Umsóknir árið 2014 voru alls 7.502 frá 6.033 félagsmönnum samanborið við 6.241 umsóknir frá 4.907 félagsmönnum árið 2013.

Aukningu á milli árána 2013 og 2014 má að stærstum hluta rekja til breytinga á reglum Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Nýjar reglur sjóðsins taka að fullu gildi árið 2016, að undangengnum tveggja ára aðlögunartíma. Nýjar reglur kveða á um að félagsmenn eigi rétt á 90 þúsund króna styrk á ári og geti safnað allt að 270 þúsund krónum í styrk fyrir eitt samfellt nám, séu réttindin ekki nýtt í þrjú ár.

## Lykiltölur úr ársreikningum starfsmenntasjóða

Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks, sem rekinn er í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, árið 2013 voru um 338 milljónir króna og gjöld um 398 milljónir króna. Áætlað er að eigið fé sjóðsins hafi verið um 497 milljónir króna í lok árs 2013.

Áætlaðar tekjur Starfsmenntasjóðs verslunarinnar, sem rekinn er í samstarfi við Félag atvinnurekenda, árið 2013 voru um 13 milljónir króna og gjöld um 8 milljónir króna. Áætlað er að eigið fé sjóðsins hafi verið um 114 milljónir króna í lok árs 2013.

## Starfsmenntanefnd VR

Starfsmenntanefnd VR var stofnuð haustið 2013. Hlutverk nefndarinnar er að móta skýra stefnu og verkferla VR í starfsmenntamálum með það að markmiði að efla framgang starfsmenntunar félagsmanna. Áherslur félagsins í starfsmenntamálum eru tilgreindar í kröfugerð vegna kjarasamninga en hún er birt á bls. 7.

**Í starfsmenntanefnd sitja** Ingibjörg Ósk Birgisdóttir formaður, Eyrún Ingadóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Svanhildur Þórsteinsdóttir. Varamenn: Ásta Rut Jónasdóttir og Páll Örn Líndal.

## Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks 2014 - 2015

Lísbet Einarsdóttir (SA) formaður, Arndís Arnardóttir (SA), Eiður Stefánsson (LÍV), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR), Ólafur Finnbogason (SA) og Teitur Lárusson (VR). Varamenn: Gils Einarsson (LÍV), Guðbjörg S. Jónsdóttir (SA), Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir (VR) og Hannes G. Sigurðsson (SA)

## Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar 2014 - 2015

Anna Svava Sverrisdóttir (FA), Bjarndís Lárusdóttir (FA), Eiður Stefánsson (LÍV) og Teitur Lárusson (VR). Í mars 2015 tók Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (VR) sæti Teits.

## VR-Skóli lífsins

Nýju verkefni félagsins í starfsmenntamálum ungs fólks var hleypt af stokkunum í september 2014. Þetta verkefni fékk nafnið VR-Skóli lífsins og er markmið þess að undirbúa ungt fólk fyrir vinnumarkaðinn og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR-Skóli lífsins er að stærstum hluta á netinu og læra nemendur hvað felst í þátttöku á vinnumarkaði. VR-Skóli lífsins er sérstaklega ætlaður 16 – 24 ára ungmönnum og er ekki bundinn við stéttafélagsaðild. Um miðjan mars 2015 höfðu 245 ungmenni lokið námi og 570 voru við nám.

Fyrirtæki og menntastofnanir hafa tekið vel í VR-Skóla lífsins og í lok febrúar höfðu þrjú skólar ákveðið að bjóða nemendum sínum námið, Fjölbrautaskólinn í Ármúla, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu og Verslunarskóli Íslands.

## Fyrirlestrar og námskeið


VR bauð upp á 21 fyrirlestur og námskeið fyrir félagsmenn á starfsárinu og sóttu þau rúmlega 540 félagsmenn. Meðal námskeiða voru starfslokanámskeið sérstaklega fyrir eldri félagsmenn og námskeiðið Að semja um launin. Þá voru haldin 9 námskeið sérstaklega fyrir trúnaðarmenn félagsins.

## Yfir tvö þúsund namar fá fræðslu

Undanfarin ár hefur VR staðið fyrir kynningum á réttindum og skyldum fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagsvæði VR. Alls voru haldnar 46 kynningar fyrir tæplega 1.600 nemendur á starfsári stjórnar 2014 - 2015.

Kynbundinn launamunur er ein helsta birtingarmynd ójafnrar stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði og hefur VR lagt mikla áherslu á að berjast gegn honum. Nokkur árangur hefur náðst í þeirri baráttu, eins og sjá má á línuritinu hér að neðan. Kynbundinn launamunur hefur dregist mikið saman á síðustu árum samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR og hefur aldrei verið minni, hann mælist nú 8,5%. Línuritið sýnir mun á launum kynjanna samkvæmt niðurstöðum árlegra launakannanna félagsins (munur á heildarlaunum annars vegar og kynbundinn launamunur hins vegar) en einnig mun á launum m.v. greidd félagsgjöld. Í launakönnunum félagsins er miðað við laun fyrir fullt starf.

## Launamunur kynjanna innan VR



\*Launakönnun var ekki gerð árið 2002.

## Jafnlaunavottun VR

Jafnlaunavottun VR var hrint úr vör í febrúar árið 2013 og fengu fyrstu fyrirtækin afhenta vottun í apríl það ár. Í lok febrúar 2015 höfðu 23 fyrirtæki og stofnanir fengið vottun en í þessum fyrirtækjum starfa tæplega 3.500 starfsmenn. Fyrirtækin eru (í stafrófsröð);

1912, Byggðastofnun, Deloitte, Endurvinnslan, Hýsing vöruhótel, IKEA, ISS, Íslenska gámafélagið, Johan Rönning, KPMG, Kynnisferðir - Reykjavík Excursions, Landmælingar Íslands, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Logos, Neyðarlínan 112, Parlogis, Securitas, Sjóvá, SORPA, TM, VR, Vörður tryggingar og Ölgerðin.

Markmið Jafnlaunavottunar VR er að eyða kynbundnum launamun með því að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu og/eða jafnverðmæt störf. Vottun VR byggir á staðli Staðlaráðs Íslands, ÍST 85 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar, sem kom út í desember 2012. Forsendur þess að fyrirtæki eða stofnanir innleiði staðalinn eru meðal annars að fyrir liggja mótuð launastefna, að launaviðmið hafi verið ákveðin og að störf séu flokkuð samkvæmt kerfi Íslenskrar starfagreiningar, ÍSTARF 95.

Með Jafnlaunavottun VR eru viðmiðin sem atvinnurekendur þurfa að uppfylla til að fá vottun skýrð og samræmd samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði. Jafnlaunavottun VR var unnin í samstarfi við BSI á Íslandi, skrifstofu British Standards Institution.

## Kynjabókhald VR

Hér að neðan má sjá helstu lykiltölur í kynjabókhaldi VR starfsár stjórnar 2014 - 2015, samtals aðal- og varamenn þar sem það á við.

	Karlar	Konur
Stjórn VR .....	8	10
Trúnaðarráð, að stjórn meðtalinni .....	52	58
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs .....	3	4
Stjórn Orlofsstjórnar .....	4	3
Starfsmenntanefnd .....	2	6
Húsnæðisnefnd .....	4	3
Jafnréttisnefnd .....	2	2
Laganefnd .....	2	3

# Lagabreytingar

Nokkrar tillögur að breytingum á lögum VR voru lagðar fram á aðalfundi VR í mars 2014. Tillaga um að vísa öllum lagabreytingartillögum stjórnar félagsins í allsherjaratkvæðagreiðslu var felld sem og tillaga um að breyta ákvæðum um félagsaðild á þann veg að veita atvinnuleitendum og öryrkjum kjörgengi. Tillögur sem miðuðu að breytingum á kjörtímabili stjórnar og formanns félagsins voru einnig felldar.

Á fundinum voru samþykktar breytingar á 11. gr., 16. gr., 20 gr., 23. gr, 24. gr. og 28. gr. Hér má sjá uppfærðar greinar laganna sem tóku breytingum í kjölfar samþykktar á aðalfundi. Á 20. gr. laganna, um kosningu forystu félagsins, voru gerðar breytingar á 20.2 og 20.3 og eru þær eingöngu birtar hér að neðan.

## 11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, rekstrarstjórnarmenn skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í hlutafélagi sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

## 16. gr. Trúnaðarmenn

Formaður, fyrir hönd stjórnar félagsins, staðfestir val á trúnaðarmönnum á vinnustöðum og fullgildir skipun þeirra með erindisbréfi, sem þeir starfa eftir.

Trúnaðarmenn skulu hafa eftirlit með að lögum félagsins, samþykktum og samningum sé hlýtt.

Trúnaðarmenn eru tengiliðir starfsmanna á viðkomandi vinnustað við stjórn og starfsmenn félagsins. Að öðru leyti fer um starfsemi, réttindi og skyldur trúnaðarmanna að lögum og kjarasamningi félagsins.

## 20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

### 20.2. Um kosningu í trúnaðarráð

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Sama einstaklingi er óheimilt að skipa sæti samtímis á lista til trúnaðarráðs og í einstaklingskosningu til formanns eða stjórnar félagsins. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarráði skal skipuð fyrir 15. janúar annað hvert ár. Nefndin skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér og kannar kjörgengi þeirra.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

### 20.3. Um framkvæmd kosninga

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti ein vika.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.



# Lagabreytingar

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kjörstjórn úrskurðar um hæfi og kjörgengi allra frambjóðenda og auglýsir að því loknu upphaf atkvæðagreiðslu sbr. reglugerð ASÍ um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu. Úrskurðir kjörstjórnar eru endanlegir.

Kosning skal fara fram innan 6 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út.

Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15 mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur, einn eða fleiri, meðal félagsmanna með frambjóðendum fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðru leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

## 23. gr. Aðalfundir

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok apríl ár hver og eigi síðar en 14 dögum eftir að kosningar til stjórnar hafa farið fram. Skal hann boðaður með auglýsingu í útvarpi og/eða dagblöðum með 10 daga fyrirvara. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.

## 24. gr. Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Kosinn fundarstjóri.
2. Kosinn ritari.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins undanfarið starfsár.
4. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar, ef tillögur liggja fyrir.
6. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslegakjörinna skoðunarmanna.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
10. Önnur mál.

## 28. gr. Lagabreytingar

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögsmætum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu.

Í fundarboði skal þess getið að lagabreytingar séu á dagskrá.

Lagabreytingatillögur stjórnar skulu kynntar í trúnaðarráði.

Tillögum um lagabreytingar skal skilað til félagsstjórnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Allar lagabreytingatillögur skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í 7 daga fyrir aðalfund.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Breytingar á lögnum koma þá fyrst til framkvæmda er miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Landssambands íslenskra verzlunarmanna hafa staðfest þær.

# Ályktanir, fundir og samskipti

## Ályktun stjórnar VR vegna fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar

Stjórn VR samþykkti á fundi sínum þann 10. september 2014 ályktun þar sem mótmælt var auknum álögum á þorra launafólks sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fól í sér og hörmuð framkoma stjórnvalda í garð atvinnulausra sem þurfa að þola skerðingu á bótarétti sínum. Í ályktuninni var m.a. farið yfir hvernig hækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts komi verst niður á tekjulægri heimilum.

## Fundir starfsárið 2014 – 2015

**Stjórn VR** fundaði 15 sinnum á starfsárinu en auk þess voru haldnir tveir vinnufundir.

**Trúnaðarráð** fundaði 3 sinnum á starfsárinu, staða kjaramála kom til umræðu á öllum fundum ráðsins.

Í september 2014 var **VR dagurinn** haldinn og var hann helgaður undirbúningi fulltrúa félagsins á ársþingi Alþýðusambands Íslands sem var í október 2014.

**Félagsfundur** var haldinn í febrúar árið 2015 þar sem frambjóðendur til stjórnar fyrir kjörtímabilið 2015 – 2017 kynntu áherslur sínar.

**Úrskurðarnefnd VR** hélt 16 fundi á árinu 2014 og kvað upp 27 úrskurði í málum félagsmanna og gaf að auki eitt álit. Verkefni úrskurðarnefndar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitshlutverki.

## Nefndir og stjórnir

**Í Uppstillinganefnd** sitja Ólafía B. Rafnsdóttir sem er formaður, Magnús Þorsteinsson, Petrína Ragna Pétursdóttir, Sigurbjörg Þorláksdóttir og Valur M. Valtýsson. Varamenn eru Eydís Hauksdóttir, Helga Bryndís Jónsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson og Jón Ingi Kristjánsson. Nefndin fundaði 2 sinnum á starfsárinu.

Hlutverk Uppstillinganefndar er að velja frambjóðendur á framboðslista til trúnaðarráðs úr hópi þeirra sem gefa kost á sér í samræmi við auglýsingar nefndarinnar. Auglýst var þann 14. janúar 2015 og barst 41 framboð.

**Í launanefnd** VR sitja Birgir Már Guðmundsson sem er formaður, Bjarni Þór Sigurðsson og Sigurður Sigfússon. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um kjör formanns og framkvæmdastjóra og gera tillögu að launum stjórnar til aðalfundar félagsins.

**Í laganeftnd** sitja Rannveig Sigurðardóttir sem er formaður, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir og Sigurður Sigfússon. Varamenn eru Gísli Kristján Gunnsteinsson og Harpa Sævarsdóttir. Hlutverk laganeftndar er að yfirfara og koma með tillögum til breytinga á lögum VR. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi félagsins.

**Í húsnaðisneftnd** sitja Bjarni Þór Sigurðsson sem er formaður, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Ragnar Þór Ingólfsson. Varamaður er Ólafur Reimar Gunnarsson. Hlutverk nefndarinnar er að móta skýra og heildræna stefnu í húsnaðismálum með það að markmiði að bæta kjör félagsmanna.

**Í jafnréttisneftnd** sitja Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson og Svanhildur Þórsteinsdóttir. Varamaður er Gísli Kristján Gunnsteinsson. Meginhlutverk nefndarinnar er að móta stefnu félagsins í jafnréttismálum.

**Í kjörstjórn** sitja Magnús Norðdahl sem er formaður, Hjördís Jónsdóttir og Jón Hrafn Guðjónsson. Varamenn eru Þóra Skúladóttir, Þorsteinn Þorólfsson og Halldór Oddsson. Hlutverk kjörstjórnar er að sjá um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt lögum VR og reglugerð ASÍ.

## Erlend samskipti


